



Alþingi
Erindi nr. P 140/486
komudagur 28.11.2011

28. nóvember 2011

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll)

Stjórn Landverndar telur mikilvægt að endurskoða refsíabyrgð í núverandi náttúruverndarlögum, eins og fyrirbyggjandi frumvarp kemur inn á. Landvernd tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, en bendir jafnframt á að við heildarendurskoðun laganna þurfi að huga að fleiri þáttum er varða refsíabyrgð en hér er tekið á. Reyndar telur stjórn Landverndar að almennt þurfi að auka og skýra heimildir í náttúruverndarlögum til að beita þvingunarúrræðum sé gengið gegn lögnum. Í núverandi lögum eru fremur fá slík úrræði.

Í hvítbók um löggjöf til verndar íslenskrar náttúru er fjallað um refsíabyrgð (23. kafli). Mikilvægt er að grundvöllur refsíabyrgðar sé skýr. Í hvítbókinni er talið að skýrleika megi bæta með því að tilgreina þau ákvæði laganna sem leiða til refsíabyrgðar, eins og gert er í norsku lögnum um fjölbreytni náttúrunnar (bls. 426). Þetta atriði þarf að frekari athugunar.

Í hvítbókinni er lögð áhersla á að refsing sé stígskipt eftir alvarleika brots. Fyrirbyggjandi drög að breytingum á náttúruverndarlögum taka á þessu atriði, því 1.gr. frumvarpsins fjallar um refsingu við alvarlegum náttúruspjöllum og bætist við 76. grein núverandi laga. Þar með er refsíabyrgðin orðin stígskipt, sem er vel.

Í frumvarpinu er talað um „stórfelld náttúruspjöll“, en það skortir skilgreiningu á hvað felst í því. Í hvítbók um náttúruvernd er talað um að alvarleg brot séu þau sem „fela í sér náttúruspjöll á friðlýstum svæðum, eyðingu tegunda og spjöll sem hafa í för með sér verulega fækkun tegundar [hér væri að mati Landverndar nær að tala um fækkun í stofni tegundar] sem og meiriháttar jarðrask og rask á jarðminjum“ (bls. 431). Stjórn Landverndar telur mikilvægt að skilgreina þetta atriði vel og telur að grunn að slíku sé að finna í ofangreindri tilvitnun í hvítbók um náttúruvernd. Þó ætti þetta atriði að ná til fleiri svæða en friðlýstra, m.a. svæða sem njóta eiga sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein núverandi náttúruverndarlaga.

Í hvítbók um náttúruvernd er einnig rætt um nauðsyn á skilvirkari viðurlagaúrræðum vegna aksturs utan vega. Þá er þar rætt um mikilvægi þess að mæla fyrir um refsíabyrgð lögaðila og að heimilt verði að refsa vegna brota sem framin eru af gáleysi. Stjórn Landverndar telur að huga þurfi betur að þessum atriðum og leggur til að það verði gert við heildarendurskoðun náttúruverndarlaga.

Stjórn Landverndar gerir ekki athugasemdir við 2. grein frumvarpsins.

Reykjavík, 28. nóvember 2011

Fyrir hönd Landverndar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar